Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Friðrik (?) Skúlason

Bjarni Benediktsson Friðrik (?) Skúlason

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-5, Örk 3

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Þ. Skúlason

Reykjavík 3.1.1938.
Brekkustíg 16.

Herra próf. Jón B. Benediktsson,
Rvík.

Þessa línur til að grenslast eftir hvort þjer ekki gætuð gjört mjer þann stóra greiða, að stuðla að því, að jeg gæti fengið atvinnu við hina fyrirhuguðu hitaveitu frá Reykjum og hingað til bæjarins. Jeg mundi fremur kjósa ~~skrifstof~~ skrifara stárf ef hægt væri að koma því við eða aðra ljetta vinnu við fyrirtækið, þótt kaupið væri lægra, vegna þess að jeg er fremur óvanur við erfiðisvinnu og einnig vegna þess að jeg geng með árans brjósthimnu-bólgu og þoli því illa bleytu eða snögg átök. (Þessi árans veiki hefir loðað við mig yfir 30 ár og slengt mjer ca 23 í beddann) En þó mun jeg ekki hlífast við að taka erfiðisvinnuna, ef hitt ekki getur látið

sig gjörn. Jeg veit ekki hvort þjer munið nokkuð eftir því að jeg gjörði ytra ónæði viðvíkjandi Lögreglunni[?], en það gekk ekki fyrir sjer, víst mikið vegna þess, að þá er jeg sótti um hana var jeg búsettur í Mosfellssveit.

Í sumar sem leið vann jeg ca 2 mánuði á síldarbryggju hjá Guðmundi Hafliðasyni, Siglufirði og svo ca 2 m. á skrifstofu hjá honum, en því miður á jeg en helming kaupsins eftir hjá honum og fæ víst ekki fyr en næsta sumar. Hefi verið hjer ca 1 m. og haldið mjer uppi með bókfærslukenslu, en það er lítið uppúr því að hafa.

Hefi verið næstum heilsulaus síðan jeg fjekk hið stóra „krakk[?]“ 1926, þartil fyrir ca 2 árum, en þrátt fyrir vilja, hefir mjer ekki lánast að ná í nokkurn ætan[?] bita og það[?] jeg læt einatt í veðri vaka að jeg verði vel kjáður[?] áður en jeg deyst[?], má jeg ekki láta neitt tækifæri sleppa til að gjöra tilraun með að komast á rjettann kjöl sem fyrst.

III

Jeg gjöri ráð fyrir að jeg verði að ganga í verkamannafjelagið til að geta komið til greina við erviðisvinnuna og veit jeg ekki það fyrir mjer.

Jeg mun leyfa mjer að tala við yður per síma innan skamms til að heyra hvernig þjer hyggið heppilegast fyrir mig að snúa mjer þessu viðvíkjandi.

Um leið og jeg bið yður fyrirgefningar á því ónæði er jeg veld yður með þessu kvabbi, kveð jeg.

Virðingarfyllst

[illegible]

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur